

Vangaveltur um skipan landshluta, og framlög til ráðgjafar

Landshlutaskipanin

Tveir megingallar eru á núverandi skipan landshluta; hún bitnar á Suðurlandi varðandi ýmsar fjárveitingar ríkisins, og auk þess byggir hún á úreltum grundvelli (löngu aflagðri kjördæmaskipan). Þetta litar síðan alla umfjöllun um byggðamál, söfnun og úrvinnslu upplýsinga og fleira.

Núverandi landshlutaskipting hefur t.d. veruleg áhrif á framlög til sóknaráætlana:

Tafla 3. Skipting grunnframlaga eftir landshlutum

2020-2024	Fast framlag	Útreiknað framlag	Samtals
Vesturland	60.000.000	29.801.849	89.801.849
Vestfirðir	60.000.000	37.848.443	97.848.443
Norðurland vestra	60.000.000	35.729.037	95.729.037
Norðurland eystra	60.000.000	58.136.428	118.136.428
Austurland	60.000.000	36.606.194	96.606.194
Suðurland	60.000.000	43.770.777	103.770.777
Suðurnes	60.000.000	24.207.273	84.207.273
Höfuðborgarsvæði	25.000.000	-	25.000.000
Umsóknagáttin	-	-	5.000.000

Úr minnisblaði starfshóps til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál 9. september 2019

Norðurland með tvöfalt fastaframlag borið saman við Suðurland. Sunnlendingum er sem sagt hegnt fyrir að standa saman að sínum málum!

Hér verða færð að því rök að skynsamlegt sé að bæta við áttunda landsbyggðarlandshlutanum, þ.e. ef á annað borð á að halda áfram að miða við núverandi skipan. Hér er ekki endilega miðað við að bæta nýjum landshlutasamtökum, einungis að miða tölfræði og almenna nálgun við að Suðurlandið sé í raun tveir landshlutar. Landfræðilega séð er einfaldast að miða við Þjórsá, kannski álitamál hvoru megin Vestmannaeyjar væru skilgreindar:

Landshlutar	fj. Sveitarf.	Mannfj	%	km ²	%
Höfuðborgarsvæðið	7	233.034	64,0	1.162	1,1
Reykjanes	4	27.829	7,6	829	0,8
Vesturland	10	16.662	4,6	9.555	9,3
Vestfirðir	9	7.115	2,0	8.898	8,6
Norðurland vestra	7	7.322	2,0	13.091	12,7
Norðurland eystra	13	30.600	8,4	22.730	22,1
Austfirðir	7	10.739	2,9	15.792	15,3
Suðurland	15	30.833	8,5	30.966	30,1
	72	364.134	100	103.023	100
Suðurland eystra með Vestme.	7	12.029	3,3	21.993	21,3
Suðurland vestra	8	18.804	5,2	8.973	8,7
Suðurland eystra	6	7.674	2,1	21.976	21,3
Suðurland vestra með Vestme.	9	23.159	6,4	8.990	8,7
Vestmannaeyjar	1	4.355	1,2	17	0,02

Mannfjöldatölur fengnar af vef Hagstofunnar, flatarmál af Wikipedia

Ljóst má vera að fámennara og stærra (eystra) svæði Suðurlands yrði „alvöru“ landshluti og mundi gera alla tölfræðilega úrvinnslu byggða á landshlutaskipan innbyrðis rökréttari. Suðurland eystra (með Vestmannaeyjum) er þannig fjölmennara en þrír landshlutar (Vestfirðir, Norðurland vestra og Austfirðir) en fámennara en hinir þrír dreifbýlislandshlutarnir (Vesturland, Norðurland eystra og Suðurland vestra).

Í þessu sambandi má benta á að það virðist tilhneiging að nálgast alla umræðu um ástandið í landinu með því að vísa til landshluta fremur en smærri eininga eins og t.d. sveitarfélaga. Nærtækt dæmi er umræða um atvinnuleysi, það sé mest á Suðurnesjum. Vissulega er þar mjög fjölmennur hópur atvinnulaus en atvinnuleysið er hlutfallslega meira í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Væri áttunda dreifbýlislandshlutanum bætt væri landshlutaumræðan merkingarbærari.

En kannski má segja að núverandi skipan landshluta(samtaka) sé einfaldlega úrelt, byggi á kjördæmaskipaninni frá 1959 en ekki þeirri sem tekin var upp 2003. Miðað við skipan sveitarfélaga í ársbyrjun 2020 væru fjögur landshlutasamtök skv. núverandi kjördæmaskipan með 19-26 sveitarfélög í hverjum landshluta (auk höfuðborgarsvæðisins).

Ný kjördæmaskipan var tekin upp í byrjun þessarar aldar með réttlætissjónarmið í huga (draga úr misvægi atkvæða einstaklinga). Það er umhugsunarefni að slík réttlætissjónarmið hafa ekki verið uppi varðandi skipan landsins í landshluta. Með lögfestingu sóknaráætlana og fjárveitinga til þeirra stingur þessi arfleifð fortíðar í augu.

Ráðgjöf á landsbyggðinni

Loks er rétt að benda á þá undarlegu staðreynd að fjárlagaliðurinn „Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni“ fer lækkandi á allra síðustu árum:

2019 210,7 mkr (skv. fylgiriti með fjárlögum 2019)
2020 209,6 mkr (skv. fylgiriti með fjárlögum 2020)
2021 207,3 mkr (skv. fylgiriti fjárlagafrumvarps 2021)

Ofan á þessa krónutölulækkun bætist í rauninni við enn meiri lækkun að raunvirði. Þannig hækkaði t.d. launavístan um 7,2 % frá desember 2019 til desember 2020, en kostnaður við þessa ráðgjafarstarfsemi er eðli máls samkvæmt fyrst og fremst launakostnaður.

Ekki nóg með það, verið er að leggja af ráðgjafarþjónustu á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar sem m.a. nýttist landsbyggðinni. Reyndar er boðaður samkeppnissjóður varðandi nýsköpun á landsbyggðinni en spyrja má hvort ekki hefði verið nærtækara að styrkja núverandi starfsemi atvinnuráðgjafanna á landsbyggðinni. Vissulega hafa stjórnvöld staðið sig vel með að stórhækka framlög í ýmsa rannsóknarsjóði en það er augljóst að ekki verður sama sagt um stuðning hennar við grasrótina á landsbyggðinni. Að þessum málum þarf að hyggja þegar lagt er á ráðin um byggðastefnu framtíðarinnar.